

## F19 - Skilmálar um um öryggis-, heilbrigðis- og umhverfis-áætlun vegna framkvæmda á vegum Orkufjarskipta hf.

### 1. Tilgangur

Þessir skilmálar byggja á eða eru til viðbótar gildandi lögum og reglum og eru settir fram verktökum og eftirlitsmönnum Orkufjarskipta (OF), hér eftir nefnd verkkaupi, til leiðbeiningar. Skilmálunum er ætlað að tryggja að öryggis-, heilsu og umhverfismál (ÖHU) séu í góðu lagi.

### 2. Almennir skilmálar

#### 2.1 Skyldur verktaka

Viðbúnaður verktaka sem vinna við lagningu ljósleiðara skal allur vera í samræmi við gildandi lög og reglugerðir með áorðnum breytingum hverju sinni. Helstu kröfur sem verktaki þarf að hlíta eru taldar upp í kafla 10.

#### 2.2 Skyldur verkkaupa

Í samræmi við ákvæði útboðsgagna er skipaður eftirlitsmaður með verkinu sem starfar í umboði verkkaupa og kemur fram fyrir hans hönd sem verkefnastjóri í skilningi reglna um aðbúnað, hollustuhætti og öryggisráðstafanir á byggingarvinnustöðum og við aðra tímabundna mannvirkjagerð. Komi fleiri en einn verktaki (þ.m.t. verkkaupi eða undirverktakar) að lagningu sama ljósleiðara kveða reglur Vinnueftirlitsins (VER) á um að verkkaupa beri að sjá um að fyrir liggi öryggis- og heilbrigðisáætlun áður en framkvæmdir hefjast og beri að gera ráðstafanir sem tryggja, að við framkvæmd verka verði unnt að gæta fyllsta öryggis og góðs aðbúnaðar og hollustuhátta.

Eftirlitsmaður verkkaupa skal senda tilkynningu til VER áður en vinna hefst ef um er að ræða a) verkstað þar sem ráðgert er að vinna standi lengur en 30 vinnudaga og þar sem fleiri en 20 starfsmenn eru í vinnu samtímis, eða b) um er að ræða verkstað þar sem ráðgert er að vinna sé meira en 500 dagsverk. Verkkaupi getur þó með skriflegu samkomulagi falið verktaka að annast þessar skyldur áður en framkvæmdir hefjast.

Dæmi um öryggis- og heilbrigðisáætlun og tilkynningu til VER er að finna í fræðsluriti VER nr. 17.

#### 2.3 Mikilvægi málaflokksins

Verkkaupi leggur mikla áherslu á og lítur öryggis-, heilbrigðis- og umhverfismál alvarlegum augum og skal verktökum sem vinna á hans vegum vera ljóst að ætlast er til sömu ábyrgðar af þeirra hálfu.

Verði eftirlitsmaður verkkaupa var við að viðeigandi lögum og reglum sé ekki framfylgt mun það verða tilkynnt verkkaupa og verktaka send skrifleg aðvörun.

Ef ekki er bætt úr að fenginni slíkri aðvörun áskilur verkkaupi sér rétt til að segja upp viðeigandi verksamningi.

### **3. Verklagsreglur á vinnusvæðinu**

#### **3.1 Notkun farartækja**

Verktaki skal tilkynna eftirlitsmanni verkkaupa um notkun farartækja og vinnuvéla á vinnusvæðinu. Tilkynninguna skal afskrá að loknum þeim verkþætti sem hún gildi fyrir. Litið skal eftir notkun slíkra tilkynninga, þær eru aðeins í gildi fyrir umsamið verk.

#### **3.2 Tæki , búnaður og umgengni**

Verktaki er að öllu leyti ábyrgur fyrir tækjum sínum og búnaði og skal ávallt sjá til þess að hann uppfylli öryggisákvæði og sé samkvæmt settum reglum.

Öllum tækjum og búnaði skal læsa í vinnuhléum þannig að óviðkomandi hafi ekki aðgang að þeim og geti ekki ræst þau.

Vinnusvæðinu skal haldið hreinu og þrifalegu og öllu rusli safnað saman jafnóðum og því fargað í samræmi við reglugerð um meðhöndlun úrgangs.

#### **3.3 Merking vinnusvæða**

Þar sem framkvæmdasvæði verktaka þverar eða er í námunda við götur, vegi og gangstíga fyrir almenna umferð er lögð mikil áhersla á að merking vinnusvæða og umferðarstýring sé skýr og skipulögð. Farið skal eftir reglum um vinnusvæðamerkingar. Nýjustu útgáfu reglnanna hverju sinni er að finna á vef Vegagerðarinnar [vegagerdin.is/upplýsingar-og-utgafa/leidbeiningar-og-stadlar/vinnusvaedamerkingar](http://vegagerdin.is/upplýsingar-og-utgafa/leidbeiningar-og-stadlar/vinnusvaedamerkingar).

Verkstjóri verktaka skal hafa lokið námskeiði um merkingu vinnusvæða sem haldið er af Opna Háskólanum, sjá nánar á [oh.ru.is/namskeid/stutt-namskeid](http://oh.ru.is/namskeid/stutt-namskeid).

#### **3.4 Aðbúnaður starfsmanna**

Verktaki skal fara eftir ákvæðum í lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Einnig skal fara eftir reglum VER um aðbúnað, hollustuhætti og öryggisráðstafanir á byggingarvinnustöðum og við aðra tímabundna mannvirkjagerð og bent er á ýmsar aðrar reglur sem settar eru fram í V. viðauka þeirra.

#### **3.5 Gestir á vinnusvæði**

Verktaka er óheimilt að bjóða gestum inn á vinnusvæðið nema að fengnu leyfi eftirlitsmanns verkkaupa. Óheimilt er að veita börnum, gæludýrum og skepnum aðgang að neinum hluta framkvæmdar eða að vinnusvæðum sem verkkaupi ráðstafar til verksins.

### **4. Verklagsreglur um öryggismál**

#### **4.1 Sérhæfð tæki**

Aðeins sérhæfðir vélamenn með gild skírteini og með reynslu á sérhæfð tæki hafa heimild til að vinna með þeim á vinnusvæði framkvæmdarinnar. Verktaki skal ávallt tryggja að starfsmenn hans uppfylli þessi ákvæði og séu handhafar skírteins sem útgefið er af VER. Vélamenn skulu framvísa skírteini sé þess óskað.

## 4.2 Fólksflutningar

Óheimilt er að flytja fólk í vinnutækjum nema þau séu búin sérstöku farþegasæti. Ekki má nota vörubíla eða þungavinnuvélar til fólksflutninga eða sem hvíldar- eða mataraðstöðu.

## 4.3 Hraðatakörk

Almennar íslenskar umferðarreglur gilda skv. umferðarlögum.

## 4.4 Hlífðar- og öryggisbúnaður

Starfsmenn verktaka skulu ávallt vera með hlífðarhjálma, í öryggisskóm og í endurskinsvestum við störf á framkvæmdasvæði.

Verktaki skal sjálfur meta áhættu, skv. reglugerð um skipulag og framkvæmd vinnuverndarstarfs á vinnustöðum og sjá til þess að notaður sé viðeigandi hlífðarbúnaður, s.s. augn- og heyrnarhlífar þegar unnið er að verkum sem geta valdið varanlegu heilsutjóni. Leiðbeiningar eru á vef VER [www.vinnueftirlit.is/vinnuvernd/ahaettumat](http://www.vinnueftirlit.is/vinnuvernd/ahaettumat).

## 5. Viðbragðsáætlun vegna slysa og óhappa

Verktaki skal hafa öryggishandbók/-möppu á verkstað sem er aðgengileg öllum starfsmönnum. Í henni eiga að vera öryggis- og heilbrigðisáætlun verksins, helstu lög og reglur sem fara ber eftir við verkið, öryggisblöð hættulegra efna, vinnuvélaskoðanir og skráning slysa og óhappa eins og fram kemur í fræðsluriti VER nr. 17.

### 5.1 Neyðarlínan 1 1 2

Í neyðartilfellum eða verði slys skal hafa samband við Neyðarlínuna í síma **112**, veita upplýsingar um og leiðbeina björgunarfólki að slysstaðnum. Jafnframt skal:

- Veita hjálp í viðlögum.
- Beita neyðarráðstöfunum.
- Koma í veg fyrir frekari slys eða óhöpp.
- Tilkynna slys til lögreglu og VER þegar í stað og skrá í öryggishandbók.
- Tilkynna slys á starfsmönnum og/eða skemmdir á vinnutækjum í eigu verktaka til eftirlitsmanns verksins, skriflega innan 24 klst.

### 5.2 Upplýsingar til starfsmanna

Tryggja skal að öllum starfsmönnum verktaka á vinnusvæðinu sé ljóst hvernig bregðast skuli við í neyðartilfellum og sjá skal til þess að nafn Neyðarlínunnar og símanúmer sé birt á áberandi stað í matstofu og/eða í stærstu vinnuvélum þannig: **NEYÐARLÍNAN 1 1 2**. Einnig skal birta símanúmer VER á sömu stöðum, 550 4600. Fylgst skal vandlega með hugsanlegum númerabreytingum.

### 5.3 Skyndihjálp

Ávallt skal vera búnaður til skyndihjálpar á vinnusvæðinu. Einnig skal jafnan vera á

vinnusvæðinu starfsmaður sem hefur sótt skyndihjálparnámskeið. Upplýsingar um næstu námskeið og frítt vefnámskeið í skyndihjálpar eru á vefnum [skyndihjalp.is](http://skyndihjalp.is).

#### 5.4 Viðbrögð við mengun

Verktaki skal hafa viðbragðsáætlun sem er ætlað að fyrirbyggja mengun og/eða að draga úr óæskilegum áhrifum af völdum slíkra óhappa við framkvæmdir. Óhöpp sem gætu valdið mengun eru m.a. olíu- eða efnaleki úr tækjum, brúsum og olíutönkum, óhöpp á vatnsverndarsvæðum, eldsvoði og skemmdarverk.

Verði mengunaróhapp yfir 50 lítrum ber verktaka að:

- Hreinsa strax upp það efni sem komist hefur í snertingu við jarðveg.
- Koma ökutækinu/vinnuvélinni strax af svæðinu með aðstoð ef á þarf að halda.
- Reynist umfang mengunar svo mikið að verktaki ráði ekki við hreinsunina ber að tilkynna óhappið strax til viðkomandi slökkviliðs í **1 1 2**.
- Ef óhappið er á vatnsverndarsvæði ber að tilkynna það strax til viðkomandi vatnsveitu.
- Tilkynna ber óhappið til eftirlitsmanns verksins, skriflega innan 24 klst. og skrá í öryggishandbók.

Í viðbragðsáætlun skal koma fram eftir því sem við á:

- Neyðarsímanúmer.
- Áætlun um samskipti vegna óhappa eða neyðartilvika.

Samkvæmt lögum um brunavarnir skal fara þannig með eld, eldfim efni og önnur hættuleg efni að sem allra minnst hætta sé á að tjón geti af því hlotist.

Samkvæmt lögum um stjórn vatnamála og reglugerð um varnir gegn mengun vatns skal verktaki haga framkvæmdum á grunnvatnssvæðum þannig að tryggt sé að ástand þeirra versni ekki. Áður en farið er um vatnsverndarsvæði ber að tilkynna um ferðirnar til hlutaðeigandi vatnsveitu.

Samkvæmt reglugerð um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi skulu notendur neyslugeyma eldsneytis yfir 4 m<sup>3</sup> hafa tiltækan lágmarksbúnað eða aðgang að lágmarksbúnaði til að bregðast við mengunaróhöppum.

Samkvæmt lögum um meðhöndlun úrgangs ber verktaka að flokka úrgang í samræmi við kröfur viðkomandi sveitarfélags og gæta þess að eiga aðeins viðskipti við móttöku- og söfnunarstöðvar sem hafa gilt starfsleyfi, sjá [www.ust.is/atvinnulif/mengandi-starfsemi/starfsleyfi/urgangur-og-efnamottaka](http://www.ust.is/atvinnulif/mengandi-starfsemi/starfsleyfi/urgangur-og-efnamottaka). Verktaki skal halda skrá um magn og gerð spilliefna og tilgreina ráðstöfun þeirra skv. reglugerð um spilliefni.

#### 6. Háspennulínur, strengir og lagnir

Við vinnu undir og nærri háspennulínunum skal gæta sérstakrar varúðar og skal verktaki setja upp viðvörunarskilti þar að lútandi þar sem vinna þarf eða aka undir loftlínur.

Áður en vinna hefst skal verktaki afla sér upplýsinga um alla strengi, rafstrengi sem og aðrar jarðlagnir, sem liggja kunna um vinnusvæðið. Leita skal eftir svo nákvæmum upplýsingum um legu lagna sem auðið er og fara skal eftir leiðbeiningum viðkomandi veitustofnunar í sambandi við vinnu nálægt þeim.

## 7. Sprengivinna

Verktaki skal viðhafa nauðsynlegar varúðarráðstafanir til verndar starfsmönnum sínum og umhverfinu við sprengivinnu. Verktaki ber ábyrgð á því að unnið sé skv. reglugerð um sprengiefni og forefni til sprengiefnagerðar. Sprengiefni og hvellhettur skal verktaki geyma á eigin kostnað, á þannig stöðum og á þann hátt að öryggi og vörn gegn skemmdum og þjófnaði séu tryggð. Eftirlitsmanni verkkaupa skal gert viðvart með rúmunum fyrirvara áður en sprengt er.

## 8. Reglusemi á vinnustað

Neysla áfengis og annarra vímuefna er óheimil á vinnusvæði verktaka. Starfsmaður verktaka sem grunaður er um að vera undir áhrifum áfengis eða annarra vímuefna skal fjarlægður af vinnusvæðinu. Eftirlitsmaður verkkaupa getur ákveðið að starfsmanni verði ekki heimilt að snúa aftur til starfa telji hann ástæðu til.

## 9. Áhættugreining

Verktaki og eftirlitsmaður verkkaupa skulu áður en framkvæmdir hefjast gera áhættugreiningu á verkinu. Markmiðið er að lágmarka hættu á slysum, umhverfis- og eignatjóni. Áhættugreininguna skal nota til að skipuleggja vinnu þannig að áhættu sé eftir fremsta megni mætt með mótvægisaðgerðum.

## 10. Helstu kröfur

Verkkaupi viðheldur greiningu á öllum kröfum laga og stjórnvaldsreglna sem hann og verktakar hans þurfa að hlíta. Verktaki getur leitað til gæðastjóra verkkaupa leiki vafi á því hvort hlíta þurfi kröfum. Eftirfarandi er yfirlit yfir þær helstu.

### 10.1 Kröfur um öryggis- og vinnuverndarmál

- Lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum (vinnuverndarlögin).
- Umferðarlög.
- Reglugerð um sprengiefni og forefni til sprengiefnagerðar.
- Reglugerð um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustöðum.
- Reglugerð um umferðarmerki og notkun þeirra.
- Reglugerð um merkingu og aðrar öryggisráðstafanir vegna framkvæmda á og við veg.
- Reglugerð um skipulag og framkvæmd vinnuverndarstarfs á vinnustöðum.
- Reglugerð um notkun tækja.
- Reglugerð um skráningu og skoðun farandvinnuvéla og vinnuvéla.
- [Reglur VER m.a.:](#)
  - um aðbúnað, hollustuhætti og öryggisráðstafanir á byggingarvinnustöðum og við aðra tímabundna mannvirkjagerð.
  - um notkun persónuhlífa.
  - um gerð persónuhlífa.
  - um öryggis- og heilbrigðismerki á vinnustöðum.
- [Fræðslu og leiðbeiningarit VER:](#)
  - Nr. 17 - Öryggis- og heilbrigðisáætlun fyrir byggingarvinnustaði.

## 10.2 Kröfur um umhverfismál

- Lög um um náttúruvernd.
- Lög um menningarminjar.
- Lög um meðhöndlun úrgangs.
- Lög um um stjórn vatnamála.
- Lög um varnir gegn mengun hafs og stranda.
- Lög um brunavarnir.
- Lög um umhverfisábyrgð.
- Reglugerð um varnir gegn mengun vatns.
- Reglugerð um um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi.
- Reglugerð um viðbrögð við bráðamengun hafs og stranda.
- Reglugerð um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.
- Reglugerð um meðhöndlun úrgangs.
- Reglugerð um spilliefni.
- Reglugerð um olíuúrgang.
- Reglugerð um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH).

## 10.3 Nánari upplýsingar

Lög er að finna á vef Alþingis [althingi.is/lagasafn](http://althingi.is/lagasafn), reglugerðir eru í reglugerðasafni Stjórnarráðsins [reglugerd.is](http://reglugerd.is), reglur um vinnuverndarmál eru á vef VER [vinnueftirlit.is/log-reglur-og-stadlar/reglur-og-reglugerdir](http://vinnueftirlit.is/log-reglur-og-stadlar/reglur-og-reglugerdir) og fræðslu- og leiðbeiningarit á [www.vinnueftirlit.is/fraedsla/utgefid-efni/fraedslu--og-leidbeiningarit/](http://www.vinnueftirlit.is/fraedsla/utgefid-efni/fraedslu--og-leidbeiningarit/).